



FRAMSÓKN OG ÓHÁÐIR

2. tölublað, Vestmannaeyjum 2010

Fjárfestum í Eyjamönnum



Eyjar eru lifandi og fjölbreytt samfélag, sérstaklega ef litið er til félags- og menningarlífsins. Sama fjölbreytni hefur því miður ekki einkennt atvinnulíf Eyjanna. Þessu þarf að breyta með því að styðja við frumkvæði og samvinnu Eyjamanna.

Mótframlag við aðra styrki

Ár hvert veitir fjöldi sjóða bæði innanlands og erlendis styrki í margvísleg verkefni til einstaklinga, fyrirtækja og félaga. Flestir sjóðirnir hafa vandað umsóknarferli og fagfólk metur þær umsóknir sem berast.

Dæmi um slíka sjóði eru Vaxtarsamning Suðurlands og Vestmannaeyja, Rannsóknar- og tæknisjóðir Rannís, Menningarsjóður Suðurlands, Tækniþróunarsjóður, Styrktarsjóður atvinnumála kvenna, Alþingi, Orkusjóður, Pokasjóður, NORA og sjóðir Norðurlandaráðs og Evrópusambandsins. Almenn krefjast þessir sjóðir allt að 50% mótframlags frá umsækjendum í formi peninga eða vinnu. Krafan um mótframlag getur gert það að verkum að góð verkefni fá ekki afgreiðslu eða fólk treystir sér ekki til að sækja um til að gera hugmyndir sínar og

drauma að raunveruleika. Jafnframt er hætta á að vegna erfiðrar stöðu ríkissjóðs verði framlög til innlendra sjóða skorin niður og því dragi úr nýsköpun og frumkvöðlakrafti í samfélaginu.

Næsti Latibær

Reynslan hefur einnig sýnt að bæjarfulltrúar eru ekki endilega þeir bestu til að velja verkefni sem verða að varanlegum störfum og enginn veit hvaðan næsti Latibær eða Grímur kokkur kemur. Því borgar sig frekar að styrkja mörg minni verkefni

en fá stór. Reynslan hefur einnig sýnt að einstaklingar og félagasamtök geta oft nýtt hverja krónu betur en sveitarfélagið sjálft. Með því að styrkja aðeins verkefni sem fengið hafa brautargengi í öðrum sjóðum yrði jafnframt tryggt að bæjaryfirvöld hefðu ekki möguleika á að handstýra styrkjum úr slíkum sjóði.

Fjárfest í samvinnu

Fjölskyldur snúast um fólk og í góðum fjölskyldum vinnur fólk saman. Því leggur B-listinn til að fjármunir bæjarfélagsins verði nýttir til að fjárfesta í samvinnu og frumkvæði Eyjamanna. Stofnaður verði 400 milljóna kr. samvinnusjóður og vaxta-tekjurnar af höfuðstólnum nýttar sem mótframlag í verkefni einstaklinga, fyrirtækja og félaga. Skilyrði fyrir styrkveitingu úr sjóðnum verða að umsækjandi hafi fengið styrk frá öðrum sjóðum og verkefnið sé staðsett og unnið í Vestmannaeyjum. Samið yrði við sérhæfða aðila með reynslu af styrkumsóknum til að sinna umsýslu sjóðsins til að tryggja að sem mest af fjármagninu skili sér til verkefna Eyjamanna. Með skynsamlegri vörslu höfuðstólsins má gera ráð fyrir að á næstu fjórum árum verði hægt að styrkja verkefni um 100-200 milljónir.

Skilar auknum útsvarstekjum

Þessi verkefni munu skapa ný og fjölbreytt störf í Eyjum og skila sér til baka í auknum útsvarstekjum til bæjarfélagsins. Til að nefna nokkur verkefni sem hafa fengið styrki frá öðrum sjóðum á undanföllum árum og hefðu getað fengið styrk úr Samvinnusjóðnum ef til hans hefði verið stofnað eru t.d. móttökustöð fyrir lifandi sjávarafurðir, fuglarannsóknir Náttúrustofu Suðurlands, matarklasi í Vestmannaeyjum, vöruþróun á tæknifatnaði, listasmiðja – list án landmæra, skemmtiferðaskip til Eyja, Pompei Norðursins, upplýsingasíða um Vestmannaeyjar, margmiðlunarfrásagnir o.fl.

Ítrekað hefur það sýnt sig að styrkur hinna smáu liggur í samvinnu. Með því að hvetja Eyjamenn til að gera sínar hugmyndir að raunveruleika og með því að hvetja Eyjamenn til að vinna saman með öðrum verður árangurinn margfaldur fyrir Eyjarnar í heild.

Fjárfestum í samvinnu og frumkvæði Eyjamanna.



LÝÐRÆÐI • SAMVINNA • GAGNSÆI

„Lýðræði verður aldrei virkt nema hinn almenni borgari þori að segja skoðun sína upphátt“



Eggert á góðri stundu með félögum í lúðrasveit Vestmannaeyja

Segðu okkur frá sjálfum þér.

Ég heiti Eggert er fæddur í Reykjavík og alinn upp þar og í Kópavogi. Ég fluttist til Vestmannaeyja haustið 1989 ásamt Huldu Líney konunni minni. Við eigum þrjú börn, Arnar, Þóru Björk og Jónu Þórdísi.

Ég er lærður 2. stigs vélstjóri, kláraði grunnskólakennararnám 2005 og er nú í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu. Ég hef unnið við allt mögulegt. Bæði járn- og trésmíði svo var ég smávegis á sjó, rak vörubíl hér í nokkur ár með hléum, var á tímabili í

löndunargenginu, vann í túrisma hjá Palla Helga í þrjú sumur en síðan 1995 hef ég unnið sem tónlistar- og tónmenntakennari við tónlistarskólann og grunnskólann.

Hvers vegna í framboð?

Ég hef ekki alltaf verið sáttur við stjórnvöld hér í bænum. Einu sinni kærði ég Vestmannaeyjabæ fyrir samkeppnisstofnun vegna þess að þeir notuðu skattfé til þess að undirbjóða þá starfsemi sem ég var þá að reyna að reka hér í bæ. Bæjaryfirvöld hér fara nokkuð oft fram með aðferðinni "skjóta fyrst og spyrja svo" Þetta er sérstaklega áberandi í skipulagsmálum. Nýjasta dæmið eru framkvæmdir í Herjólfssdal, þar lauk öllu jarðraski sem þeim framkvæmdum fylgdi áður en kærufrestur gagnvart þeim rann út. Með þessu eru bæjaryfirvöld í raun að gefa bæjarbúum langt nef. Það breytir engu hvort þú sem íbúi mótmælir einhverjum framkvæmdum eða framkvæmdir eru afstaðnar áður en kærufrestur rennur út. Íbúar við Bessahraun geta til dæmis verið vissir um að það verða komin tjaldstæði við hliðina á þeim fyrir Þjóðhátíð, þó búið sé að fresta ákvörðun um það mál fram yfir kosningar.

Ábyrgð minnihluta bæjarstjórnar er mikil í svona málum, það er hann sem á að sjá til þess að meirihlutinn vaði ekki yfir bæjarbúa á skítugum skónum. Núverandi minnihluti hefur ekki hreyft miklum mótmælum á þessu kjörtímabili og oft á tíðum er eins og ákveðin fulltrúar hans gangi frekar erinda ákveðinna félagasamtaka innan bæjarins en þeirra bæjarbúa sem kusu þá í bæjarsjórn. Ég er einfaldlega orðinn leiður á þessu og ákvað að taka slaginn þegar mér var boðið að taka sæti á lista Framsóknar og óháðra.

Hver eru þín helstu baráttumál?

Ég vil efla lýðræði hér í bæ. Ég er alveg orðinn hundleiður á að hlusta á fólk kvarta yfir hinu og þessu í stjórn bæjarins en jafnframt ekki þora að mótmæla opinberlega af einhverskonar undirliggjandi hræðslu við bæjaryfirvöld. Lýðræði verður aldrei virkt nema hinn almenni borgari þori að segja skoðun sína upphátt. Þá eiga bæjarbúar að geta tekið beinan þátt í ákvörðunum um framkvæmdir sem kosta tugi og jafnvel hundruði þúsunda á hvern bæjarbúa.

„Málefni fjölskyldunnar eru mér hugleiknust“

Segðu mér frá sjálfum þér.

Ég heiti Jónatan Guðni Jónsson og starfa sem grunnskólakennari í Grunnskóla Vestmannaeyja. Ég er kventur Valgerði Guðjónsdóttur og eigum við þrjú börn, Kristinn, Guðdís og Erlu. Ég er fæddur og uppalinn á Reyni í Mýrdal, fimmtí í röðinni af níu systkinum. Við komum hingað til Eyja fyrir tuttugu árum en bjuggum í nokkur ár á Klaustri og á Hellu þegar ég skrapp frá til að fara í fjarnám í Kennaraháskólanum. Starfrensla mín er af ýmsu tagi. Áður en ég flutti til Eyja vann ég í átta ár hjá Glit hf., síðast sem framleiðslustjóri. Síðan starfaði ég á Skattstofu Vestmannaeyja í tíu ár og að lokum við kennslu.

Hvers vegna framboð?

Mér finnst nauðsynlegt að bjóða bæjarbúum skýran valkost við vinstri og hægri öfgar. Mér hefur fundist að skort hafi á lýðræði í ákvarðanatöku. Meiri hlutinn

hefur farið sínu fram og minni hlutinn illa sinnt skyldum sínum um að veita honum aðhald. Lítið virðist vera hlustað á íbúana og nefndum hefur verið fækkað frá því sem áður var. Í flestum nefndum eru tveir bæjafulltrúar sem formaður og varaformaður og þær í raun framlenging á bæjarstjórn.

Hver eru þín baráttumál?

Málefni fjölskyldunnar eru mér hugleiknust. Segja má að öll málefni séu í raun málefni fjölskyldunnar, eða eru atvinnumál, umhverfismál t.d. ekki málefni hennar? Hér eru þrjú mál sem ég legg mesta áherslu á. Í fyrsta lagi samvinnusjóður sem styrki einstaklinga og fyrirtæki sem hafa fengið styrki úr öðrum sjóðum, í öðru lagi stofnun búsetusamvinnufélags um þjónustuíbúðir fyrir aldraða og að lokum að gerð sé gagskör í umhverfismálum t. d. með því að klára frárennismálin.



Jónatan með eiginkonu sinni, dætrum og tengdadóttur

„Minna getum við ekki gert“

Segðu okkur frá sjálfri þér

Ég heiti Sigrún Hjörleifsdóttir og fædd og uppalin í Vestmannaeyjum. Ég starfa sem ráðskona í Skipalyftunni. Foreldrar mínir eru Hjörleifur Guðnason frá Oddsstöðum, sem lést árið 2007 og Inga Jóhanna Halldórsdóttir. Ég er næst yngst sjö systkina. Maðurinn minn er Magnús Örn Guðmundsson, skipstjóri og eigum við fimm börn og átta barnabörn.

Hvers vegna framboð?

Mér leist vel á stefnumál framboðsins. Það þarf nauðsynlega að fara að gera eitthvað í búsetumálum aldraðra. Þetta er fólkíð sem byggði upp það samfélag sem við

búum í. Þetta er fólkíð sem byggði upp bæjarveiturnar, sem hafa lagt grunninn að hinni sterku fjárhagslegu stöðu bæjarins. Eldri Eyjamenn eiga skilið að geta flutt í hagkvæmara húsnæði og lifað áhyggjulausu lífi síðustu æviárin. Minna getum við ekki gert. Þá eiga bæjarbúar að fá að koma beint að stórum ákvörðunum sem teknar eru, á borð við byggingu íþróttahúss, uppbyggingu tjalðsvæðis og fleira. Við eigum að fá að kjósa um svona stór mál.

Hver eru þín helstu baráttumál?

Ég vil berjast fyrir öflugri stuðningi við aldraða og auknu íbúalýðræði. Það eru þau mál sem snerta mig helst.



Sigrún Hjörleifsdóttir með eiginmanni og börnum

Stefnumál B-lista

Framsóknar og óháðra

Lýðræði

Íbúakosningar

Með undirskriftum 25% kosningabærra íbúa verði hægt að fara fram á íbúakosningar um einstök mál.

Vefgátt

Vefgátt Vestmannaeyjabæjar verði eflid til að auðvelda rafrænt lýðræði, koma á betri samskiptum við íbúa og bæta aðkomu íbúa að ákvarðanatöku, t.d. með rafrænum skoðanakönnunum.

Íbúáþing

Haldnir verði reglulegir opnir fundir, eða íbúáþing, til að efla opna og lýðræðislega umræðu í samfélaginu.

Félagasamtök virkjuð

Frjáls félagasamtök verði eflid og hvött til aðkomu að ákvarðanatöku í bæjarfélaginu.

Aukin áhrif starfsmanna

Áhrif starfsmanna innan stofnana verði aukin hvað varðar vinnutilhögun, vinnutíma, aðbúnað, kjör og áhrif á stjórnun.

Nefndir og ráð

Fulltrúum í bæjarstjórn og nefndum verði fjölgað og íbúar velji áheyrnarfulltrúa í nefndum og ráðum þannig að samsetningin og ákvarðanir endurspegli betur vilja kjósenda.

Samvinna

Búsetusamvinnufélag aldraðra

Bæjaryfirvöld vinni að stofnun búsetusamvinnufélags um byggingu þjónustuíbúða fyrir aldraða.

Samvinnusjóður

Settar verði 400 milljónir í sjóð. Vaxtatekjur verði nýttar sem mótframlag til atvinnuskapandi verkefna einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka sem fengið hafa styrk úr öðrum sjóðum.

Samvinna skóla

Samvinna milli leik-, grunn-, framhalds- og listaskóla verði eflid. Fjölbreytni listgreinakennslu aukin og samvinna listaskóla við önnur skólastig og frjáls félagasamtök eflid.

Samfélagsleg ábyrgð

Hvatt verði til aukinnar samfélagslegrar ábyrgðar ungmenna með samvinnu við frjáls félagasamtök, fyrirtæki og íbúa við samfélagsleg verkefni. Hvatt verði til aukinnar sjálfböðavinnu í samvinnu við hjálparsamtök.

Þjónusta og ferlimál

Gerð verði langtímaáætlun um uppbyggingu húsnæðis, úrbætur í ferlimálum og þjónustu við fatlaða og aldraða, í samvinnu við starfsfólk og notendur þjónustunnar.

Samvinnurekstur

Starfsmenn, foreldrar, aðstandendur og aðrir hagsmunaaðilar geti komið að rekstri einstakra stofnana með samningum við Vestmannaeyjabæ, án hagnaðarsjónarmiða.

Gagnsæi

Umboðsmaður íbúa

Sett verði á stofn embætti umboðsmanns íbúa sem liðsinni íbúum í samskiptum við bæinn, taki við kvörtunum og ábendingum, upplýsi um réttindi og skyldur og vinni að þróun íbúalýðræðis

Starfsmannamál

Ráðningar hjá Vestmannaeyjabæ byggi á faglegum forsendum og hæfni umsækjenda.

Siðareglur

Kjörnir fulltrúar og starfsmenn Vestmannaeyjabæjar setji sér siðareglur og sett verði á stofn siðanefnd til að fylgja reglunum eftir.

Opnari umræður

Bæjarstjórnarfundir verði sendir út á vefnum og upptökur vistaðar þar. Bæjarfulltrúar og formenn nefnda auglýsi formlega viðtals tíma.

Útboðsreglur

Bærinn setji sér reglur um útboð sem tilgreini sérstaklega hvaða verk skuli háð útboði. Skilyrði fyrir samþykkt tilboða skulu skilgrein fyrirfram.

Blað B-lista Framsóknar og óháðra 2. tölublað 2010
Útgefandi: B-listi Framsóknar og óháðra
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Sigurður E. Vilhelmsson
Prentun: Prentsmiðjan Eyrún

Ljósmynd af Sonju Andrésdóttur, sem birtist í síðasta blaði er úr safni Sigurgeirs Jónssonar.



LÝÐRÆÐI • SAMVINNA • GAGNSÆI

KOSNINGASKRIFSTOFA · Kirkjuvegi 19 · Sími 893 9402 · Netfang: xbeyjar@gmail.com

Samvinna við aldraða



Því miður hafa málefni aldraðra fengið litla athygli á síðasta kjörtímabili og ekki virðist mikið ætla að breytast hjá núverandi meirihluta á næstu þremur árum. Í umfjöllun um þriggja ára áætlun bæjarins hefur komið fram að gert sé ráð fyrir sérstöku fjármagni í þennan lið. Þar er lagt til að settar verða 20-30 milljónir árlega næstu þrjú árin í þennan málaflokk.

Hvað á að gera?

Ekki hefur komið skýrt fram hjá núverandi bæjarfulltrúum hvað sé ætlunin að gera fyrir þessa fjármuni, en samkvæmt umfjöllun Fréttablaðsins á að nýta þetta fjármagn til að aðstoða aldraða við að komast úr stóru og óhentugu húsnæði í minna og hentugra. Til samanburðar má benda á að 600 til 800 milljónir króna eru að fara m.a. í byggingu knattspyrnuhúss og útisvæðisins við sundlaugina. Gera má ráð fyrir að stór hluti þessa fjármagns fari í viðhaldsverkefni á Hraunbúðum, bæði að innan og utan og lítið verði eftir til uppbyggingar á annari þjónustu við aldraða í Eyjum.

Aldraðir eru ekki hlutir

Aldraðir Eyjamenn eru ekki hlutir.

Virða verður við eldri Eyjamenn framlag þeirra við að byggja upp Eyjasamfélagið hvort sem litið er til fyrirtækjanna sem við vinnum hjá, veitukerfisins sem gefur okkur rafmagn og vatn, hafnarinnar, húsanna okkar eða bæjarins í heild. Það á rétt á því að lifa sín efri ár með reisn og halda fullum sjálfsákvörðunarrétti yfir sínu lífi. Það á ekki að skylda eldri Eyjamenn til að flytja af heimilum sínum því þeir fá ekki lengur heimaþjónustu um helgar. Það á ekki að skylda eldri Eyjamenn til að búa með ókunnugum þegar þeir geta ekki lengur búið í sínu húsnæði. Það á ekki að skylda eldri Eyjamenn til að búa í stóru og óhentugu húsnæði vegna þess að verið sé að byggja yfirbyggðar göngubraut fyrir þá í nýja knattspyrnuhúsinu.

Með sjálfstæði og reisn

Aldraðir Eyjamenn eru ekki afmarkaður hópur sjúkra einstaklinga sem eiga að vistast á sérstakri stofnun, heldur hópur af fjölbreyttum og stoltum einstaklingum sem býr við mjög fjölbreyttar aðstæður og hefur ólíkar þarfir og væntingar. En eitt eiga þeir þó sameiginlegt, en það er að vilja viðhalda sjálfstæði sínu og reisn til æviloka. Sjálfstæð búseta er mikilvægur þáttur í

því en ekki hvað síst að aldraðir fái sem mestu ráðið um málefni sem varða þeirra eigin aðstæður og umhverfi.

Bæta þarf úr brýnni þörf

Við getum gert betur og það vill B-listinn gera. Öldruðum Eyjamönnum fjölgar nær tvöfalt hraðar en landsmeðaltalið. Því verður að bæta úr brýnni þörf þeirra sem vilja búa sjálfstætt en þurfa á þjónustu að halda. Það getum við gert með því að bærin eigi frumkvæði að byggingu nýrra þjónustubúða fyrir eldri borgara, t.d. með stofnun búsetusamvinnufélags. Boðaðar hafa verið breytingar á stefnu ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum og bæjarfélagið þarf að vera tilbúið til að nýta sér þau tækifæri sem í þeim felast við fjármögnun þjónustubúða. Mikilvægt er að bæta núverandi þjónustu bæjarfélagsins við aldraða, heimahjúkrun og samvinnuna við heilbrigðisþjónustuna til að geta sinnt öldruðum betur. Þjónusta og stuðningur bæjarins verður að taka mið af þörfum hvers og því þarf ákvörðunarferlið og stefna bæjarfélagsins í málefnum aldraða að vera unnin í góðum samráði og samvinnu við eldri Eyjamenn. Því þannig virkar lýðræðið og þannig virkar samvinnan.

Krafturinn komi frá íbúum

Hver er Sigurður E. Vilhelmsson?

Ég er fæddur og uppalinn í Reykjavík, sonur Vilhelms G. Kristinssonar, fréttamanns og Ásgerðar Ágústsdóttur. Kona mín er Eygló Harðardóttir, alþingismaður og við eigum tvær dætur, Hrafnhildi Ósk og Snæfríði Unni. Fjölskyldan fluttist til Vestmannaeyja 2002 og við höfum búið hér síðan. Ég var við nám í New York um nokkurra ára skeið og stoppaði svo stutt við í Reykjavík áður en við fluttum til Eyja. Viðbrigðin voru vissulega mikil að flytja úr milljónaborg hingað til Eyja, en mér hefur hvergi liðið betur en einmitt hér. Á fyrstu mánuðinum eignaðist ég fleiri vini en öll árin í New York, stelpurnar mínar er Eyjamenn í sér og meira að segja húsgögnin okkar smellpössuðu í húsið okkar á Hásteinsveginum, sem þau gerðu aldrei í íbúðunum fyrir sunnan.

Ég er líffræðingur og hef starfað við rannsóknir á því sviði, en einnig kennt, fyrst við Barnaskólann og svo við Framhaldsskólann. Í vetur hef ég verið við nám í Reykjavík, þar sem ég er að afla mér kennsluréttinda, en sný aftur til kennslu við Framhaldsskólann í haust. Stelpurnar mínar eru næstum jafnfeagnar og ég að komast aftur hingað heim.

Kynni mín af Eyjamönnum hófust snemma, því ég ólst upp í Keilufelli í Breiðholti. Húsin þar eru sænsk einingahús, sem Viðlagasjóður byggði eftir gos. Þegar

við fluttum þangað 1977 bjuggu enn fjölmargir Eyjamenn í hverfinu.

Hver eru áhugamál þín?

Tónlistin hefur lengi verið mitt aðaláhugamál og lærði ég bæði á klarínett og fagott. Stuttu eftir að ég flutti til Eyja tók Bjarni Jónasson útvarpsmaður viðtal við mig og þegar hann heyrði af tónlistaráhuga mínum spurði hann hvort ég hefði eki talað við skósmiðinn. Ég skildi ekkert hvað hann átti við, en stuttu síðar stökk Stebbi skó á mig á fórnun vegi og spurði hvenær ég ætlaði að mæta á lúðrasveitaræfingu. Þar með voru örlögin ráðin og ég hef spilað með Lúðrasveit Vestmannaeyja síðan. Þar hef ég eignast marga af mínum bestu vinum, enda er það stórkostlegur félagsskapur.

Þjóðfélagsmál hafa mér líka löngum verið hugleikin. Ég tók þátt í margskonar félagsstörfum á yngri árum sem formaður nemandafélaga í FB og HÍ, sat í stjórnum líffræðistofnunar HÍ, Vöku og fleiri félögum. Á þessum árum hallaðist ég ískyggilega mikið til hægri í stjórnmálum, en svo eldist maður og þroskast og áttar sig á því að lífið er ekki bara svarthvít, hægri eða vinstri, heldur finnast fagurgræn engi á miðju stjórnmálanna, þar sem öfgarnar eru víðsjarri. Eftir að ég kom til Eyja hafa félagsstörfin líka heillað mig og auk þess að hafa verið



Sigurður með eiginkonu og dætrum

formaður Framsóknarfélags Vestmannaeyja síðustu árin hef ég líka formennsku í Sögusetri 1627, sem áður hét Tyrkjaránsfélagið, setið í stjórn Lúðrasveitar Vestmannaeyja og ýmislegt fleira.

Hvers vegna framboð?

Við verðum að brjótast út úr þeirri stöðnun sem ríkt hefur of lengi í stjórn bæjarins. Þó hagnaður af sölu bréfa í Hitaveitu Suðurnesja hafi gert bænum kleift að fara í miklar framkvæmdir á kjörtímabilinu, er lýðræðishallinn í samfélaginu orðinn gríðarlegur. Stjórnunin einkennist af boðvaldi, valdþroka og einræði. Bæjarstjórnin virðist föst í

Gamla Íslandi, þar sem lífsgæði voru mæld í steypu og byggingakrönum. Eyjamenn hafa alltaf verið meira eins og stór fjölskylda en sveitarfélag. Í góðum fjölskyldum er hlustað á alla og ákvarðanir teknar sameiginlega. Bæjarstjórnin þarf að tala minna og hlusta meira. Krafturinn, sköpunin og frumkvæðið á að koma frá íbúnum sjálfum, en ekki ofan úr ráðhúsi. Við þurfum að virkja, styrkja og styðja alla Eyjamenn svo okkur líði öllum eins og við séum hluti af þeirri fjölskyldu sem byggir Eyjarnar. Það eru sönn lífsgæði og þau vil ég efla hér í Eyjum. Lýðræði, samvinna og gagnsæi eru þau gildi sem við eigum að byggja samfélag okkar á.



LÝÐRÆÐI • SAMVINNA • GAGNSÆI

KOSNINGASKRIFSTOFA • Kirkjuvegi 19 • Sími 893 9402 • Netfang: xbeyjar@gmail.com